

## Hvernig ferðast ég með vökva sem keyptur er eftir öryggis skoðun og um borð í flugvél?

### ▶ Brottfararfarþegar

Farþegar geta eftir sem áður keypt allan vökva og aðrar vörur innan biðsvæðis flugstöðva Evrópska Efnahagssvæðisins, en vörur sem seldar eru á því svæði hafa sætt sérstakri skoðun.

Ef flogið er beint á áfangastað frá Íslandi má vera með allan vökva í handfarangri sem keyptur er á biðsvæðinu.

Ef farið er í tengiflug skoðið eftirfarandi reglur vandlega.

### ▶ Flug frá Íslandi

til ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins með tengiflugi.

Vökvi, sem keyptur er í verslun eftir að farið er í gegnum öryggis skoðun eða um borð í flugvél skráðri í ríki innan Evrópska Efnahagssvæðisins, skal vera í poka innsigliðum af þeirri verslun þar sem varan var keypt þar til á áfangastað er komið.

Þegar farið er í gegnum öryggis skoðun í því landi, sem tengiflug á sér stað, verður að framvísa kvittun sem staðfestir innihald pokans og kaup þennan dag við öryggishlið sé þess óskað.

Í þeim tilvikum þar sem farþegar ná í innritaðan farangur áður en haldið er áfram í tengiflug, eða farangur hefur ekki verið innritaður alla leið, er vörunum best fyrir komið í farangri sem ætlaður er til innritunar.

### ▶ Flug frá Íslandi

til Norður-Ameríku (Bandaríkjanna/Kanada) með tengiflugi.

Vökva, sem keyptur er í verslun eftir að farið er í gegnum öryggis skoðun eða um borð í flugvél, verður að setja í innritaðan farangur áður en haldið er áfram í tengiflug.

Tækifæri til þess gefst eftir að farþegar hafa farið í gegnum tollskoðun við komuna í flugstöð í Norður-Ameríku (Bandaríkjunum/Kanada).

### ▶ Flug til Íslands

frá Norður-Ameríku (Bandaríkjunum/Kanada) og öðrum ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Vökva, sem keyptur er áður en farþegi innritar sig í flug, skal koma fyrir í innritunarfarangri.

### ▶ Ekki er heimilt að fara með vökva í handfarangri sem keyptur

er í verslunum eftir að farið er í gegnum öryggis skoðun í Norður-Ameríku (Bandaríkjunum/Kanada) og öðrum ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins inn í flugstöð á Íslandi jafnvel þótt hann sé í innsigliðum umbúðum.

Heimilt er að fara með vökva sem keyptur er um borð í flugvél skráðri í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins inn í flugstöð á Íslandi ef varan er í innsigliðum poka. Farþegi verður einnig að geta framvísað kvittun sem staðfestir innihald pokans og kaupdagsetningu sé þess óskað af öryggisvörðum.

Athugið að þegar vökvi hefur verið settur í innsiglaða poka af viðkomandi verslun má ekki rjúfa innsiglið á meðan farþegi er staddur í flugstöð eða á ferð í flugvél. Ef farþegi sætir öryggis skoðun áður en komið er út úr flugstöð og innsigli pokans hefur verið rofið er farþega ekki heimilt að fara með vökvann í gegnum öryggis eftirlit.

# HERTAR REGLUR VARÐANDI HANDFARANGUR

## Hertar reglur um hvað má ferðast með í handfarangri.

### ▶ Vökva má ferðast með í handfarangri að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- Hver eining umbúða má að hámarki rúma 100 millilítra (1dl) af vökva.
- Allar umbúðirnar verða að rúmast í gegnsæjum eins (1) lítra plastpoka sem hægt er að loka með plastrennilás.
- Hverjum farþega er heimilt að hafa með sér einn poka.
- Með umbúðum er átt við flöskur, túpur, hylki og annað sem getur innihaldið vökva.
- Gosflöskur og dósir eru flestar stærri en 100 ml (1dl) og eru því ekki leyfðar inn fyrir öryggishlið.



### ▶ Farþegar mega hafa meðferðis aðrar nauðsynjar til persónulegra nota meðan á flugi stendur ef öryggisverðir telja ekki ógn stafa af þeim:

- Lyf merkt notanda í magni sem dugir meðan á flugferð stendur
- Barnamat
- Matvæli vegna sérstaks mataræðis

### ▶ Farþegi gæti þurft að færa sönnur á innihald óski öryggisverðir eftir því.

#### Hvað er vökvi?

Allur vökvi, gel, krem, smyrsl, úðaefti, o.s.frv. hvort sem er í flöskum, þrýstibrúsum, túpum eða öðrum umbúðum.

Algengir hlutir, sem fólk hefur með sér og flokkast undir vökva, eru: Gos, áfengi, ilmvatn, rakakrem, tannkrem, varagloss, hárlakk, sápur, sjampó svo eitthvað sé nefnt.



- #### ▶ Hvað er handfarangur?
- Farangur sem farþega er heimilt að bera um borð í flugvélur.

Frá og með 6. maí 2007 takmarkast leyfileg stærð handtösku við 56 sm x 45 sm x 25 sm.

- #### ▶ Hvað er innritaður farangur?
- Farangur sem er innritaður hjá flugrekenda og fer í lest flugvélur.

Athugið að flugrekandinn, sem þú flýgur með, gæti takmarkað þessa stærð enn frekar telji hann ástæðu til.

## Hvað verð ég að gera áður en ég mæti til innritunar í brottfararsal flugstöðvar?

Þegar pakkað er niður fyrir ferðalag ætti að hafa í huga að snyrtitöskum, tannkremi, hárvörum, ilmvatnsglögum, kremi, raxpíra, svitalyktareyði, sápum, raxsápu og öðrum sambærilegum hlutum er best fyrir komið í innrituðum farangri.



Mundu að pakka einnig hlutum í innritunarfarangur sem ekki eru leyfðir í handfarangri. Hlutir eins og skæri, naglþjálir og vasahnifar verða að fara í innritaðan farangur. Ef slíkir hlutir finnast í handfarangri við öryggis skoðun er farþeganum undantekningarlaust meinað að halda áfram með hlutinn í gegnum öryggishlið.

## Hvernig get ég flýtt fyrir öryggisleit?

- ▶ Vertu tilbúin(n) að sýna öryggisvörðum ferðaskjöl/brottfararspjalð og/eða skilríki/vegabréf til skoðunar.
- ▶ Vertu tilbúin(n) að setja handfarangur í plastbakka við færbandið fyrir framan gegnumlýsingarvél séu þeir fyrir hendi.
- ▶ Vertu búin(n) að:
  - taka plastpokann með vökvunum úr handfarangri
  - taka fartölvu og önnur stæri rafmagnstæki úr tösku
  - fara úr yfirhöfn, jakka, taka af þér belti og tæma vasa

Þessa hluti skal skima sérstaklega



- #### ▶ Hvað gerist ef bannaðir hlutir finnast í handfarangri?
- Ef bannaðir hlutir (t.d. oddhvasir hlutir, vökvar í stærrum umbúðum en 100 ml) finnast við öryggisleit fær farþeginn ekki að fara með þá inn fyrir öryggishlið.

Þegar farþegi er kominn í öryggisleit er of seint að koma bönnuðum hlutum fyrir í áður innrituðum farangri. Aðstaða til að geyma bannaða hluti er ekki fyrir hendi í flugstöðvum á Íslandi.

- #### ▶ Upplýsingar.
- Nánari upplýsingar um hvað leyfilegt er að hafa meðferðis í handfarangri og innrituðum farangri má finna á vefsíðu Flugmálastjórnar Íslands [www.caa.is](http://www.caa.is), vefsíðu Keflavíkurflugvallar [www.kefairport.is](http://www.kefairport.is), vefsíðu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar [www.airport.is](http://www.airport.is) og á vefsíðum flugrekenda.

Einnig má nálgast upplýsingar hjá öryggisvörðum Keflavíkurflugvallar í síma 425 0622.